

#### **4. fundur stjórnar AP**, starfsárið 2011-2012

haldinn að Garðarsbraut 5 á Húsavík þriðjudaginn 27. mars 2012 kl.13:00

Mætt: Björn Vikingur Björnsson, Gunnólfur Lárusson, Margrét Bjarnadóttir, Pétur Snæbjörnsson og Sigurgeir Höskuldsson. Einnig sat fundinn Reinhard Reynisson, framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stjórnaði honum.

##### **1. Nýr vaxtarsamningur 2012-2013**

Farið var yfir lokadrög að nýjum vaxtarsamningin fyrir Norðausturland milli iðnaðarráðuneytisins og félagsins sem verið hefur í vinnslu að undanfögnu. Um er að ræða nýtt samningsform þar sem m.a. er kveðið á um sérstaka verkefnisstjórn sem annast skuli afgreiðslu umsókna, en félagið er umsjónaraðili samnings og sér um alla umsýslu og forvinnslu umsókna ásamt eftirfylgni gagnvart styrkþegum samningsins.

Að yfirferð lokinni var framkvæmdastjóra veitt heimild til undirritunar samnings með áorðnum breytingum. Jafnframt var honum falið að óska eftir tilnefningum í verkefnisstjórn frá tilnefningaraðilum.

##### **2. Endurskipulagning stoðkerfis atvinnulífsins á Norðausturlandi**

Fyrir fundi lágu vinnugögn þar sem stoðkerfið í héraðinu er skilgreint ásamt minnisblaði þar sem möguleg endurskipulagning þess er reifuð. Talsverð umræða varð um málið þar sem m.a. kom fram að verulegur munur er á skilgreiningu manna á því hvað teljist til stoðkerfisins og hvað ekki.

Að umræðu lokinni var samþykkt að fela formanni og framkvæmdastjóra að ræða næstu skref í málinu við sveitarfélögin.

##### **3. Tilnefning í stjórn Þekkingarnets Þingeyinga**

Fyrir liggur erindi frá Þekkingarneti Þingeyinga um tilnefningu í stjórn sjálfeignarstofnunarinnar til næstu tveggja ára.

Samþykkt að tilnefna framkvæmdastjóra, Reinhard Reynisson til setu í stjórn Þekkingarnets Þingeyinga til næstu tveggja ára.

##### **4. Verkefni í vinnslu**

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir helstu verkefnum sem verið hafa og eru í vinnslu hjá félaginu.

- Nýlega er lokið gerð innviðagreiningar sem samið var um við Landsvirkjun og iðnaðarráðuneytið en verkið er hluti af þeim verkefnum sem ríkisstjórnin annars vegar og Norðurþing, Skútustaðahreppur, Tjörneshreppur og Þingeyjarsveit hins vegar sömdu um í viljayfirlýsingu varðandi nýtingu orkuauðlinda héraðsins til stórfelldrar atvinnuuppbyggingar.
- Í samstarfi við Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar er unnið að skoðun á því hvernig best verði staðið að málum varðandi mögulega uppbyggingu ferðaþjónustu á

Grímsstöðum á Fjöllum á grundvelli áforma Zhongkun Investment Group (Huang Nubo). Var félagunum falið verkefnið af hópi sveitarfélaga á norðausturlandi (Akureyrarkaupstaður, Svalbarðsstrandarhreppur, Grytubakkahreppur, Þingeyjarsveit, Skútustaðahreppur, Norðurþing, Tjörneshreppur, Svalbarðshreppur, Langanesbyggð, Vopnafjarðahreppur).

- Unnið er að yfirfærslu á sameiginlegum kynningarvef fyrir svæðið í ódýrara rekstarumhverfi. Jafnhliða er stefnt að auknu samstarf staðbundinna samtaka á sviði kynningarmála (Mývatnsstofa, Húsavíkurstofa, Norðurhjari, Ferðamálafélag Þingeyjarsveitar) þannig að þeir fjármunir sem ráðstafað er til þessara mála nýtist betur.

## 5. Aðalfundur

Samþykkt að stefna að aðalfundi í viku 20 í Mývatnssveit og að umfjöllunarefni fundarins verði kynningarmál ferðaþjónustunnar og svæðaskipting hennar.

## 6. Önnur mál

Ekkert bókað undir þessum lið.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:30